

**Sp.**

## **221. Tillaga**

til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að flytja frv. um að leggja niður embætti til eftirlits með bönkum og sparisjóðum.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. um að leggja niður embættið um eftirlit með bönkum og sparisjóðum.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Það hefir lengi verið almenn skoðun, að þetta embætti væri gersamlega óþarft. Sést, að sú muni vera skoðun bankanna, sem borga mikinn hluta af kaupum þessa starfsmanns, því að þeir hafa árum saman neitað að borga kaup eftirlitsmannsins. Frv. um niðurlagningu þessa embættis var samþ. í efri deild í fyrra, en náði þó ekki afgreiðslu í neðri deild.

Margir þingmenn telja, að rétta megi við fjárhag ríkisins með því að fella niður miður þörf embætti. Takist ekki að fá þetta þing til að viðurkenna, að leggja megi niður þetta embætti, er sýnilegt, að litil von er um sparnað við embættafækkun.